

58. sveitarstjórnarfundur , 25.03 2010, Végarði kl. 14.00

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund og minntist Þórarins Jóns Rögnvaldssonar sem setið hefur í sveitarstjórn síðustu 12 ár, en hann lést 13. mars.

Dagskrá

- 1. Laugarfell**
- 2. Drög að verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, tillaga fyrir austursvæði.**
- 3. Önnur mál.**

1. Laugarfell. Verkeikningar og útboðsgögn fyrir gistiskála við Laugarfell eru tilbúin og verða send völdum verktökum. Skilafrestur tilboða er 15. apríl kl. 14.00.

2. Drög að verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, tillaga fyrir austursvæði. Farið var yfir lokadrög að verndaráætlun og tekin saman áhersluatriði fyrir fund í svæðisráði sem er á morgun.

3. Önnur mál.

- Þorvarður spurði um lagningu slitlags á heimreiðar í Litlu-Grund og Bessastaði. Verður tekið fyrir á næsta fundi.
- Anna Jóna ræddi um tímasetningar á söfnun rúlluplasts hjá bændum. Í samningi við Íslenska Gámafélagið er gert ráð fyrir tveimur söfnunarferðum á ári.
- Þá minntist Anna Jóna á nauðsyn þess að í Végarði væru til samstæðir stólar og borð fyrir stærri veislur. Ýmsan annan búnað er einnig talið að vanti s.s. góða fundarstóla í fundasal.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17.00

Þorvarður ritaði fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Þorvarður Ingimarsson (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Magnhildur Björnsdóttir (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)